

Íslenska

Nafn _____



Hver er þetta?
Hvað heitir hann?
Hvað er hann gamall?
Hvar á hann heima?
Hvað heita foreldrar hans?
Hvernig lítur hann út?
Í hvernig fötum er hann?
Í hvernig skapi er hann og hvers vegna?

Hver er þetta? Skrifaðu það sem þér dettur í hug um þennan stráka.

Svaraðu með **satt** eða **ósatt**:

Á veturna er oftast mjög hlýtt og gott veður á Íslandi. _____

Hundar gelta. _____

Við notum regnhlíf þegar það er rigning. _____

Það eru margir gíraffar á Íslandi. _____

Margir fuglar fljúga til Íslands á vorin. _____

Skólinn byrjar á vorin. _____

Páskarnir eru í nóvember. _____

Við notum gaffal til að borða súpu. _____

Skiptu orðunum í **karlkyn, kvenkyn og hvorugkyn:**

Mamma, kennari, brauð, peysa, ís, rúta, hundur, gluggi, skóli, Langjökull, nesti,

KK - hann	Kvk - hún	Hk - það

Stigbreyttu lýsingarorðið í öllum kynjum eintölu:

Hann er: stór		
Hún er: stór		
Það er: stórt		

Hann er: lítill		
Hún er: lítil		
Það er: lítið		

Raðaðu orðunum rétt í setningu:

góður mjög Aron handbolta í er

krökkunum öllum Kata bekknum í bauð sitt afmælið í

Andheiti

Hvítur	erfitt
Snemma	dapur
Auðvelt	svartur
Glaður	seint
Margir	heitur
Kaldur	fáir

Eintala – fleirtala

eintala	fleirtala
hestur	
bók	
	fjöll
	götur
Borð	

Sagnorð – um það sem við erum að gera

Hvað eru þau að gera?



Skemmtilegt ferðalag

Mamma hans Snorra er að lesa. Það er bréf frá kennaranum. Þar stendur að krakkarnir í 6. bekk fari í sveitaferð á morgun. Allir eiga að koma með smurt brauð, ávöxt og eitthvað til að drekka. Það á að vera sól og gott veður á morgun. Krakkarnir geta verið í stuttbuxum en það er nauðsynlegt að hafa með sér góða peysu ef það skyldi rigna. Allir eiga að koma með 500 krónur. Fyrir tvö hundruð krónur á að kaupa ís á leiðinni heim og 300 krónur þarf að borga í rútuna.

Snorri hlakkar mikið til. Honum finnst gaman að vera með dýrum og er sérstaklega hrifinn af hundum. Amma hans á lítinn, brúnan hund sem heitir Snati. Snorri hjálpar ömmu oft að baða Snata og hann fer með hann út í gönguferðir.

Næsta dag vaknar Snorri snemma. Hann lítur út um gluggann. Það er gott veður. Mamma keyrir hann í skólann. Rútan er komin. Snorri situr hjá besta vini sínum sem heitir Bjarki. Þeir tala um bíómynd sem þeir sáu um síðustu helgi. Hún var um strák sem var í flugvél sem hrapaði í háum fjöllum.

Brátt eru þau komin í sveitina. Bærinn heitir Hvammur. Þar eru kindur með lömb, litlir kálfar og hestar. Þeir sem vilja fara á hestbak. Snorri fer á hestbak en Bjarki vill frekar klappa kisu. Hann er hræddur við hesta.

Kennarinn kallar svo á krakkana og allir borða nestið sitt. Kennarinn segir þeim að stóri jökullinn fyrir ofan bæinn heiti Langjökull. Hann er hvítur og fallegur. Á leiðinni heim er stoppað til að kaupa ís. Snorri og Bjarki vilja báðir súkkulaðiís. Klukkan þrjú eru allir komnir heim eftir mjög skemmtilega ferð.



Hér eru spurningar úr sögunni. Reyndu að svara með heilum setningum

❖ Frá hverjum er bréfið sem mamma er að lesa?

❖ Hvað ætla krakkarnir í skólanum að gera á morgun?

❖ Hvað á Snorri að hafa með sér í nesti? _____

❖ Um hvað var bíómyndin sem strákarnir voru að tala um? _____

❖ Hvað gerði Bjarki á meðan Snorri var á hestbaki?

❖ Hvenær fengu krakkarnir ís og hvað kostaði ísinn? _____

Hvað finnst þér skemmtilegast að læra í skólanum? _____

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera þegar þú átt frí? _____
